

## REGLUGERÐ

### um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á landbúnaðarvörum samkvæmt viðaukum IVA og IVB við tollalög.

#### 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. 12. gr. tollalaga nr. 88/2005 og viðaukum IVA og IVB, með síðari breytingum, sbr. viðauka V, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

#### 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Tollskrárnúmer	Vara	Tímabil	Vörumagn kg/stk.	Verðtollar %	Magntollar kr./kg/stk.
0208.9003	Rjúpur, frystar	01.01.-31.12.17	ótilgr.	0	0
0208.9007	Beinlaust hreindýrakjöt, fryst <i>Hreindýrakjöt með beini, fryst:</i>	01.01.-31.12.17	ótilgr.	0	878
0208.9008	Skrokkar og hálfir skrokkar	01.01.-31.12.17	ótilgr.	0	0
0208.9009	Annað	01.01.-31.12.17	ótilgr.	0	878
0603.1202	Innflutningur á öðrum tíma (nellikur)	01.05.-30.11.17	ótilgr.	0	48
0603.1905	Innflutningur á öðrum tíma (lokaskegg, flamingóblóm, fuglamjólk og paradísar- fuglablóm)	01.05.-30.11.17	ótilgr.	0	48
0701.9001	Bökunarkartöflur, 65 mm eða stærri	01.01.-31.12.17	ótilgr.	0	0
0703.9001	Blaðlaukur	01.01.-31.12.17	ótilgr.	0	0
0704.1000	Blómkál og hnappað spergilkál	01.01.-30.06.17	ótilgr.	0	0
0704.9002	Rauðkál	01.02.-30.06.17	ótilgr.	0	0
0704.9003	Kínakál	01.01.-30.06.17	ótilgr.	0	0
0704.9004	Spergilkál ( <i>Brassica oleracea var. Ita.</i> )	01.01.-30.06.17	ótilgr.	0	0
0706.1000	Gulrætur og næpur	31.03.-30.06.17	ótilgr.	0	0
0706.9002	Rauðrófur	01.01.-31.12.17	ótilgr.	0	0
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	01.01.-30.06.17	ótilgr.	0	0
0709.5100	Sveppir af ættinni <i>Agaricus</i>	01.01.-31.12.17	ótilgr.	0	80

#### 3. gr.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar nr. 448/2012 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins og reglugerðar nr. 189/1990 um innflutning og útflutning á plöntum og plöntuafurðum.

#### 4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti laga um meðferð sakamála nr. 88/2008.

#### 5. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 65. gr. A búvörulaga nr. 99/1993 með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til og með 31. desember 2017.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 15. desember 2016.*

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

**Ólafur Friðriksson.**

*Baldur Sigmundsson.*